

59	27.	Gjöld samkvæmt 19. gr. 3. fjárlaga	kr.	250 000.00	kr.	29 208 149.65
25. maí	28.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	9 943 719.00	—	44 514 228.46
				Kr. 110 155 394.00	kr.	187 725 732.12

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkn-ingar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.